



*Rafræn*Reykjavík

LEIÐBEININGAR

fyrir innritunarkerfi tónlistarskóla Reykjavíkur



RafrænReykjavík

Rafræn Reykjavík er þjónustver Reykvíkinga á vefnum. Það er markmið Reykjavíkurborgar að vefurinn verði öflug þjónustuveita íbúa þar sem hægt verður að senda inn umsóknir, erindi og eiga samskipti við borgina á hvaða tíma sólarhringsins sem er.

Núna við opnun er þó einungis hægt að afgreiða umsóknir sínar og erindi við tónlistarskólana í Reykjavík en meiri og fjölbreyttari þjónusta mun bætast við smátt og smátt.

NÝSKRÁNING

Allir íbúar Reykjavíkur eldri en 18 ára geta stofnað þjónustugátt á þessu vefsvæði.

Börn undir 18 ára aldri eru skráð í þjónustugátt foreldra sinna.

Nýskráning >>

Til þess að fá aðgang að þjónustugáttinni þá þarf að smella á hnappinn **NÝSKRÁNING** ofarlega til hægri á síðunni Velkomin í Rafræna Reykjavík.

Síðan fyrir **NÝSKRÁNINGU** opnast, sjá hér fyrir neðan.

Smellið í svæðin og fyllið í umbeðnar upplýsingar. Nauðsynlegt er að fylla í stjórnumerkt (*) svæði!

Athugið að gefa upp rétt netfang. Notendanafn og lykilorð verða send á uppgefið netfang samstundis. Einnig er staðfesting send með venjulegum pósti. Ef ekkert netfang er uppgefið, þá eru upplýsingarnar einungis sendar með venjulegum pósti. Smellið á hnappinn **ÁFRAM**.

Upp kemur síða með staðfestingu á að umsókn þín hefur verið móttækin og notendanafn og lykilorð verður sent samstundis í netpósti og/eða venjulegum pósti.

INNSKRÁNING

Þegar þú ert kominn með notendanafn og lykilorð þá geturðu skráð þig inn í kerfið. Sjá **INNSKRÁNING** ofarlega til hægri á Velkomin síðunni. Smellið í svæðin og fyllið í rétt notendanafn og lykilorð. Smellið síðan á tengilinn **INNSKRÁNING**.

SÍÐAN MÍN

Þegar þú skráir þig inn í kerfið, þá opnast **SÍÐAN ÞÍN**. Þá opnast vefsíða með þjónustugátt þinni (síðan þín). Síðan skiptist í 3 hluta:

- **ÞJÓNUSTUR** – umsóknir um þjónustur hjá Reykjavíkurborg
- **SKILABOÐ** – öll samskipti eru staðfest í netpósti, sem sendist í þjónustugátt þína.
- **ERINDI/MÁL** – sýnir stöðuna á erindum/málum, t.d. skráð, hafnað, í vinnslu osfrv.

The screenshot shows the 'Síðan mín' page for RafrænReykjavík. The main content area is divided into three sections: **ÞJÓNUSTA** (Services) with a link for 'Umsókn um tónlistarskóla', **SKILABOÐ** (Messages) with a table header including '#', 'Efni', 'Dagsetning', and 'Eyða völdum skilaboðum', and **ERINDI/MÁL** (Cases) with a table header including 'Nr.', 'Tegund erindis', 'Dagsetning', and 'Staða'. The right sidebar contains 'Innskráning' (Registration) with a greeting for 'Una Dagný Hreiðarsdóttir' and 'Engin ný skilaboð', 'Tónlistarskólar' (Music Schools) with a list of schools, and 'Spurt og svarað' (Questions and Answers) with two links.

UMSÓKN UM TÓNLISTARSKÓLA

Þegar inn í kerfið er komið er mögulegt að sækja um nám í tónlistarskóla með því að smella á viðeigandi tengil (sjá mynd).

Umsóknin er gagnvirk og skráist beint í miðlægan gagnagrunn. Í þjónustugáttinni er síðan hægt að fylgjast með stöðu mála, hvort umsóknin hefur verið samþykkt, eða hafnað osfrv. Foreldrar sækja um fyrir börn sín undir 18 ára aldri. Börn eru skráð hjá því foreldri sem þau hafa lögheimili hjá skv. þjóð-

This screenshot shows the 'Umsókn um tónlistarskóla' page. The main content area has a heading 'Velja umsóknir:' and a link to 'Una Dagný Hreiðarsdóttir'. The right sidebar is identical to the previous screenshot, showing 'Innskráning', 'Tónlistarskólar', and 'Spurt og svarað'.

skrá. Þegar þú smellir á **UMSÓKN UM TÓNLISTARSKÓLA** þá birtist síða með nöfnum á foreldrum og börnum sem búa á sama lögheimili. Smelltu á nafn þess aðila sem þú vilt sækja um tónlistarnám fyrir.

UMSÓKN UM TÓNLISTARSKÓLA

Síða með "eyðublaði" opnast. Svæðin **NAFN, KENNITALA, HEIMILISFANG** osfrv fyllast í sjálfkrafa og eru

UMSÓKN UM TÓNLISTARSKÓLA

Umsækjandi

| | |
|---|---|
| Nafn | Kennitala |
| <input type="text" value="Una Dagný Hreiðarsdóttir"/> | <input type="text" value="021285-3079"/> |
| Heimilisfang | Póstnúmer |
| <input type="text" value="Hávegi 37"/> | <input type="text" value="580 SIGLUFJÖRÐUR"/> |
| Heimasími | Gsm |
| <input type="text" value="12345"/> | <input type="text" value="12345"/> |
| Netfang | |
| <input type="text" value="steina@idega.is"/> | |

upplýsingarnar sóttar í þjóðskrá, ásamt þeim upplýsingum sem þú gafst upp þegar þú sóttir um þjónustugáttina.

Næst fyllir þú út svæðin í **TEGUND TÓNLISTARNÁMS**. Hakaðu við þá **NÁMSGREIN** sem þú vilt sækja um.

Fellilistarnir **FYRSTA, ANNAÐ** og **ÞRIÐJA VAL** sýna þá skóla sem eru í boði eru í hverri námsgrein fyrir sig. Þessir listar breytast eftir því hvaða námsgrein þú hakar við, þar sem allar námsgreinar eru ekki í boði í öllum skólum. Þú sérð því einungis þá skóla sem bjóða upp á kennslu í þeirri námsgrein sem þú hakar við.

Þú mátt sækja um í þremur skólum. Þú birtist hinsvegar aðeins á lista í fyrsta skólanum þangað til umsókn þín hefur verið afgreidd í þeim skóla. Ef umsókninni er hafnað, þá verður annað val virkt hjá viðkomandi skóla.

Ef þú vilt einungis sækja um í einum skóla, og ert tilbúin til að fara á biðlista ef þú kemst ekki að, þá sækirðu bara um í einum skóla og lætur annað og þriðja val vera autt.

Tegund tónlistarnáms

Námsgreinar

| | | | |
|---------------------------------------|--------------------------------------|---------------------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> Blokkflauta | <input type="checkbox"/> Altflauta | <input type="checkbox"/> Bassi | <input type="checkbox"/> básúna |
| <input type="checkbox"/> Fagott | <input type="checkbox"/> Fiðla | <input type="checkbox"/> Forskóli | <input type="checkbox"/> Gítar |
| <input type="checkbox"/> Harmónika | <input type="checkbox"/> Harpa | <input type="checkbox"/> Hljómborð | <input type="checkbox"/> Horn |
| <input type="checkbox"/> Jazz píanó | <input type="checkbox"/> Jazz söngur | <input type="checkbox"/> Klarinett | <input type="checkbox"/> Kontrabassi |
| <input type="checkbox"/> Kornett | <input type="checkbox"/> Lágfiðla | <input type="checkbox"/> Orgel | <input checked="" type="checkbox"/> Píanó |
| <input type="checkbox"/> Rafbassi | <input type="checkbox"/> Rafgítar | <input type="checkbox"/> Saxófónn | <input type="checkbox"/> Selló |
| <input type="checkbox"/> Slagverk | <input type="checkbox"/> Snarstefjun | <input type="checkbox"/> Suzuki fiðla | <input type="checkbox"/> Suzuki píanó |
| <input type="checkbox"/> Suzuki selló | <input type="checkbox"/> Söngur | <input type="checkbox"/> Trommur | <input type="checkbox"/> Trompet |
| <input type="checkbox"/> Tónsmíðar | <input type="checkbox"/> Túba | <input type="checkbox"/> Óbó | <input type="checkbox"/> Þverflauta |

Fyrsta val

Veljið skóla

Allegro Suzukitónlistarskóli

Do re mi

Nýi tónlistarskólinn

Suzukitónlistarskólinn

Söngskólinn í Reykjavík

Tónlistarskóli Árbæjar

Tónlistarskóli FÍH

Tónlistarskóli Kjalarness

Tónlistarskólinn í Reykjavík

Tónlistarskólinn í Grafarvogi

Tónmenntaskóli Reykjavíkur

Tónskóli Eddu Borg

Tónskóli grunsk. Í Grafarvogi

Tónskóli Hörpunnar

Tónskóli Sigursveins

Námsdeild

Námstími

Ósk um kennara

hljómsveit, hljómsveit eða annað sem skiptir

Næst velurðu rétta **NÁMSDEILD**, þ.e. fornám, grunnám, miðnám, eða framhaldsnám.

Einnig geturðu sett inn **ATHUGASEMDIR** um hvort þú hefur verið í kór, hljómsveit eða annað sem skiptir máli.

Að lokum gefur þú upp **NÚVERANDI STÖÐU** þín í tónlistarnámi. Þ.e. hefurðu lokið einhverjum prófum, eða hefurðu lært eitthvað einhversstaðar áður.

| | |
|----------------------------|-------------------------------|
| Fyrsta val Veljið skóla | Námsdeild Veljið námsdeild |
| Annað val Veljið skóla | Veljið námsdeild |
| Þriðja val Veljið skóla | Fornám |
| | Miðnám |
| | Grunnám |
| | Framhaldsnám |
| Athugasemdir | |
| <input type="text"/> | |

(t.d. ef umsækjandi hefur verið í kór, skólahljómsveit, hljómsveit eða annað sem skiptir máli)

| | |
|--|--------------------------------|
| Húverandi staða | |
| Hef lokið eftirfarandi prófi: | Í eftirfarandi námsgrein: |
| Veljið rétt stig (t.d. 3.stig (grunnstig) í söng) | Veljið rétt hljóðfæri |
| Áður stundað hljóðfæra-eða söngnám? Hvaða nám og hvar? | Núverandi grunnskóli og bekkur |
| <input type="text"/> | <input type="text"/> |
| Athugið | |
| Reykjavíkurborg styrkir tónlistarskóla vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík. Nemendur með lögheimili í öðrum sveitarfélögum geta þó stundað nám við tónlistarskóla í Reykjavík, greiði heimasveitarfélag þeirra hlut sveitarfélags í námskostnaði. | |
| <input type="button" value="Áfram"/> | |

Athugið að Reykjavíkurborg styrkir tónlistarskóla vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík. Nemendur með lögheimili í öðrum sveitarfélögum geta þó stundað nám við tónlistarskóla í Reykjavík, greiði heimasveitarfélag þeirra hlut sveitarfélags í námskostnaði.

Þegar þú hefur fyllt í öll svæðin, þá smellirðu á tengilinn **ÁFRAM** og sendir þannig umsóknina til viðkomandi skóla. Þú færð þá samstundis sendan netpóst í þjónustugátt þína sem segir að viðkomandi skóli hafi mótttekið umsókn þína og muni svara henni innan tilgreinds tíma.

STILLINGAR

Þú getur breytt lykilorð, aðseturs upplýsingum ásamt fleiru inni í **STILLINGUM**. Smellir á tengilinn **STILLINGAR** og upp kemur eftirfarandi síða:

Smellir í svæðin og skrifar inn nýjar upplýsingar ef þú vilt breyta einhverju. Smellir síðan á **VISTA** til að vista breytingarnar.

Ef þú hakar við **ÉG VIL FÁ SKILABOÐ MEÐ NETPÓSTI**, þá muntu fá netpóst sendan á uppgefið netfang. Ef þú hefur ekkert netfang, þá geturðu hakað við að þú viljir fá allan póst sendan með venjulegum pósti á aðsetur þitt.

ÚTSKRÁNING

Þú aftengir þig með því að smella á hnappinn **ÚTSKRÁNING** ofarlega til hægri á síðunni.

| |
|--|
| Góðan dag |
| Una Dagný Hreiðarsdóttir |
| Engin ný skilaboð |
| <input type="button" value="Útskráning >>"/> |
| <input type="button" value="Stillingar >>"/> |

| | | |
|---|-----------------------------|---------------------------|
| Rafræn Reykjavík | | Síðan mín |
| Forsíða: Stillingar | | |
| RafrænReykjavík | | |
| Síðan mín | | |
| STILLINGAR | | |
| Nafn | Una Dagný Hreiðarsdóttir | |
| Innskráning | unah | |
| Hei millifang | Hávegi 37, 580 SIGLUFJÖRÐUR | |
| Lykilorð | <input type="text"/> | |
| Nýtt lykilorð | <input type="text"/> | |
| Endurtaka nýtt lykilorð | <input type="text"/> | |
| Netfang | steina@idega.is | |
| Hei masími | 12345 | |
| Vinnusími/gsm | 67890 | |
| Aðsetur: Hei millifang | Hávegi 37 | |
| Aðsetur: Póstnr | 580 | |
| Aðsetur: Staður | <input type="text"/> | |
| <input type="checkbox"/> Ég vil fá póst sendan á aðsetur <input checked="" type="checkbox"/> Ég vil fá skilaboð með netpósti | | |
| <input type="button" value="Vista"/> <input type="button" value="Síðan mín"/> | | |